

Hafnarfirði, 18. september 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Ég vil byrja á að minna á svokallaðan úrvinnsludag, **mánudaginn 21. september**. Hann er sérstaklega hugsaður fyrir starfsfólk skólans til að klára að fara yfir verkefni eða til að safna saman kröftum fyrir næstu vikur. Þennan dag fer **engin kennsla fram**, hvorki í húsi né í tölvunni. Nemendur geta að sjálfsögðu nýtt þennan dag til verkefnavinnu ef þarf eða til að slaka á; fara í göngutúr, sofa út og njóta þess að vera til.

Eins og fram hefur komið þá eru staðbundnar lotur í greinum kenndar **aðra hverja viku**. Það er því komið að eftirtöldum greinum dagana **22. – 25. september**:

Enska

Danska

Þriðja tungumálið (spænska, franska og þýska)

Íslenska

Íþróttir – bóklegur áfangi

Verklegar greinar

Hámark – nemendur á 2. ári

Vegna fjölgunar smita að undanförunu þurfum við áfram að **huga vel að sóttvörnum**. Þar vil ég fyrst nefna **sóttvarnarhólf**. Við verðum öll sem eitt að fara út og inn úr hólfulum. Þetta er afar mikilvægt. Að auki verðum við að muna að þvo hendur og spritta. Einnig vil ég nefna það hér að finni nemandi fyrir **einhverjum einkennum eða er lasinn** þá er hann vinsamlegast beðinn um að halda sig heima og hlíta reglum um sóttkví fari hann í skimun eða sé tengdur einhverjum með smit.

Að þessu sögðu þá vil ég minna á **veikindatilkynningar inn á INNU** og mikilvægi þess að setja í athugasemdir um hvers konar veikindi er að ræða. Ef foreldrar tilkynna veikindin þá þarf ekki að staðfesta það frekar en ef nemandi tilkynnir veikindi sjálfur þá þurfa foreldrar að staðfesta það með viðeigandi vottorði (sjá eyðublað á heimasíðu skólans) eða með staðfestingu læknis.

Að lokum þetta: Við skulum ekki gleyma vináttunni og gleðinni á þessum skrytnu tímum. Munum ávallt að sýna hvort öðru virðingu og tillitssemi. Flensborgarar – klárum þetta saman!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

www.flensborg.is

S: +354 565 0400/694 7594